Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2016.

Efni: Umsögn KPMG ehf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta), 826. mál.

Gefinn er kostur á að senda skriflega umsögn um þingmál og sér KPMG ehf. ástæðu til að setja fram eftirfarandi ábendingar. KPMG ehf. fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun gjaldeyrishafta), sem nú liggur fyrir á Alþingi. Skrefin í átt að losun fjármagnshafta sem stigin eru með frumvarpinu eru mikið fagnaðarefni og hvetur KPMG ehf. Alþingi til lögfestingar þess með eftirfarandi breytingum.

Flutningur erlendra aðila til landsins

Við gerð frumvarpsins hefur láðst að taka tillit til erlendra aðila sem flytja til Íslands. Einstaklingar sem flytjast búferlum til Íslands og selja í kjölfarið eignir sínar erlendis, s.s. fjármálagerninga, lenda í íþyngjandi takmörkunum á heimild til ráðstöfunar þeirra fjármuna sem til falla við söluna. Viðkomanda yrði þá skylt að skila erlenda gjaldeyrinum hingað til lands ekki nema fjármunirnir eru endurfjárfestanlegir, þ.e. að um fjármálagerninga sé að ræða sem fjárfest hafi verið í fyrir 28. nóvember 2008.

Frumvarpið leggur til breytingar á skilaskyldu 13. gr. l. laga nr. 87/1992, meðal annars þannig að á meðan sex mánaða frestur til endurfjárfestingar skv. 1. mgr. 13. gr. e er að líða eru fjármunir ekki skilaskyldir. Eftir stendur skylda þeirra sem búsettir hafa verið erlendis á undanförnum árum og hafa í hyggju að flytja til Íslands. Ef slíkur aðili á eignir erlendis, sem fjárfest var í eftir 28. nóvember 2008, sem hann síðan selur í kjölfar flutnings hingað til lands, verða áfram íþyngjandi takmarkanir á ráðstöfunarrétti viðkomandi á þeim fjármunum sem til falla og skyldur til skila á þeim gjaldeyri. Þá eru slíkir fjármunir ekki endurfjárfestanlegir. Á þetta við þrátt fyrir að að fjármunanna hafi verið aflað meðan viðkomandi aðili hafi verið búsettur erlendis.

KPMG ehf. telur nauðsynlegt að brugðist sé við þessu og komið til móts við þá einstaklinga sem búsettir hafa verið erlendis á undanförnum árum og eignast á þeim tíma eignir og fjármuni. Með breytingum þannig að ef að innlendur aðili hefur verið búsettur erlendis sé sá aðili ekki skilaskyldur á þeim erlenda gjaldeyri sem hann eignaðist á meðan hann var búsettur erlendis og fellur til vegna sölu á þeim eignum hans. Einnig að þeir fjármunir sem losna við sölu á fjármálagerningum í þeirra eigu erlendis séu endurfjárfestanlegir, jafnvel þótt fjárfest hafi verið í þeim eftir 28. nóvember 2008. KPMG er kunnugt um nokkur tilfelli þess þar sem aðilar sem búsettur hafa verið erlendis, innlendir ríkisborgarar sem erlendis, hafa hætt við að flytja til landsins vegna þeirra takmarkana sem gjaldeyrishöftin gera við innlausn á fjármunum þessara aðila erlendis.

Margir einstaklingar fluttust búferlum erlendis í kjölfar hrunsins. Vegna batnandi efnahagsástands og afléttingu hafta kynnu slíkir aðilar að flytja aftur til landsins. Aðilar munu hins vegar setja það fyrir sig lendi þeir í viðamiklum takmörkunum á ráðstöfunarrétti eigna sinna flytjist þeir hingað til lands. Slíkt hefur fælandi

áhrif og laga mætti með því að undanþiggja slíkar fjárfestingar skilaskyldu eða hið minnsta heimila endurfjárfestingu fyrir þá fjármuni.

Útibú erlendra aðila hér á landi
Hérlend útibú erlendra lögaðila teljast innlendir aðilar í merkingu laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Takmarkanir á fjármagnshreyfingum ná til slíkra útibúa og þeim er því óheimilt að færa fjármuni sína til höfuðstöðva erlendis, nema að fenginni undanþágu Seðlabanka Íslands, á grundvelli 7. gr. laga nr. 87/1992.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri og flytja hann á milli landa vegna greiðslu arðs til erlends aðila. Með arði í þessum skilningi er átt við arðgreiðslu á grundvelli hagnaðar af reglubundinni starfsemi félags en þó ekki af tekjum sem myndast við sölu eigna. Í samræmi við þetta er lagt til með 1. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á 13. gr. b. laganna, að fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri eiga að vera heimilar ef sýnt er fram á að þær séu vegna arðs skv. 13. gr. j. laganna, sbr. 4. tölul. 1. gr. frumvarpsins.

Gildandi lög leiða til þess að erlend fyrirtæki sem hefja starfsemi hér á landi þurfa að stofna dótturfélag hér á landi utan um starfsemina í stað útibús. Arðgreiðslur félagsins geta farið óhindrað út til höfuðstöðva félagsins á grundvelli 13. gr. j. laganna, og 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. Hins vegar kunna að vera ýmis sjónarmið fyrir því að hið erlenda félag starfræki starfsemina hér á landi í gegnum útibú í stað dótturfélags. Meðal þeirra sjónarmiða eru ábyrgðarmál en erlendu höfuðstöðvar þessara félaga bera ábyrgð á starfsemi útibúsins á meðan ábyrgð erlenda félagsins yrði takmarkað ef stofnað er félag utan um starfsemina. Þá er staða viðsemjenda slíkra aðila hér á landi erfið enda þá um að ræða nýstofnuð og eignalaus dótturfélög með takmarkaða ábyrgð.

KPMG ehf. telur að útgreiðslur útibúa erlendra aðila hér á landi til höfuðstöðva sinna erlendis ættu að vera undanþegnar takmörkunum laga nr. 87/1992 með sama hætti og arðgreiðslur skv. 13. gr. j laga nr. 87/1992. Mikilvægt sé að erlend félög geti starfrækt starfsemi hér á landi í gegnum útibú með hliðstæðum hætti og dótturfélög, þannig að útibú séu ekki háð undanþágu vilji þau koma fjármunum út. Á þetta einkum við stór alþjóðleg fyrirtæki sem hafa tímabundna starfsemi hér á landi, oft takmarkaða við tiltekið verkefni og öll önnur starfsemi er erlendis.

Með vísan til ofangreindra athugasemda hvetur KPMG ehf. til þess að frumvarpið verði að lögum þó með breytingum þeim sem raktar hafa verið. Óbreytt lagafrumvarp hefur fráhrindandi áhrif á erlenda aðila sem hyggjast flytja hingað til lands búferlum eða hefja starfsemi hér á landi í gegnum útibú. Samræmist það ekki markmiðum frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

_____
Ágúst Karl Guðmundsson, hdl., LL.M.